

Stjórnarfundur Leiðsagnar – stéttafélags leiðsögnumanna - Fjarfundur

31. mars 2020

Mætt voru:

Pétur Gauti Valgeirsson, Vilborg Anna Björnsdóttir, Indriði Haukur Þorláksson, Svanbjörg H. Einarsdóttir, Óskar G. Kristjánsson, Guðný Margrét Emilsdóttir, Helga Snævarr Kristjánsdóttir, Þorsteinn Svavar McKinstry, Sigríður Guðmundsdóttir og Valdimar Leó Friðriksson.

Fundur hófst 10:40

Sigríður hafði sagt sig frá stöðu ritara félagsins á fyrra stjórnarfundum en tók við embættinu í upphafi fundar með samþykki stjórnar og gegnir því fram að næsta aðalfundi.

1. Aðalfundur.

Fyrirhugað var að halda aðalfund Leiðsagnar þann 28. apríl. í ljósi samkomubanns er fyrirséð að fresta verður fundi. Tekin er ákvörðun um að fresta aðalfundi um a.m.k. um einn mánuð, en verður tekið til endurskoðunar í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisyfirvalda. Eins og staðan er í dag er hugsanlegt að það verði þriðjudag 26. maí. Frekari upplýsingar munu verða birtar með löglegum fyrirvara tveimur vikum áður, sem og upplýsingar um frekari frestun ef nauðsyn krefur.

Stjórn og skrifstofa mun engu að síður halda áfram allri nauðsynlegri vinnu skv. upphaflegri og fyrirhugaðri dagskrá og setja tilkynningar þess efnis á vef félagsins.

2. Covid 19 og afleiðingar þess fyrir leiðsögnumenn.

Stjórn Leiðsagnar er ljóst að afleiðingar veirufaraldursins eru gríðarlegar fyrir félagsmenn. Lögð hefur verið nokkur vinna í það undanfarið að kortleggja stöðu félagsmanna og liggur fyrir að hún er afar mismunandi.

Félagsmálaráðherra lagði frumvarp um hlutabætur fyrir Alþingi um miðjan marsmánuð. Í frumvarpinu eru ákvæði sem geta gagnast leiðsögnumönnum sem eru sjálfstæðir verktakar og einnig sumum fyrirtækjum sem hafa brugðist vel við, notfært sér úrræði laga – 25/75, og haldið starfsmönnum sínum. Svanbjörg og Sigríður tóku að sér að semja umsögn við frumvarpið sem var sent inn til Alþingis af formanni, Pétri Gauta, fyrir hönd stjórnar.

Það úrræði virðist þó að mestu gagnast ökuleiðsögnumönnum. Þó alls ekki öllum og, að því er félagið veit, engum almennum leiðsögnumanni sem ekki sinnir líka akstri. Mjög margir félagsmenn virðast því standa frammi fyrir tafarlausu atvinnuleysi og í ljós hefur komið að útreikningar á starfshlutfalli þeirra er hvorutveggja tilviljanakenndur og ósamræmdur milli fyrirtækja. Einnig hefur komið í ljós að mat á starfshlutfalli á milli ferðaráðinna og verktaka er mismunandi.

Formaður, framkvæmdastjóri og stjórnarmenn hafa haft samband við fyrirtæki í greininni, ASÍ, SA, SAF og Vinnumálastofnun til að koma áhyggjum okkar áleiðis. Ljóst var strax í upphafi að staða ferðaráðinna er veik, en stjórn telur rétt að láta reyna á rétt leiðsögnumanna með vísan í lög nr. 19/2003 um tímabundna ráðningu starfsmanna að því er varðar þá sem uppfylla skilyrði laganna.

Í 4.gr. þessara laga segir „Starfsmaður með tímabundna ráðningu skal hvorki njóta hlutfallslega lakari starfskjara né sæta lakari meðferð en sambærilegur starfsmaður með ótímabunda ráðningu að þeirri áðstæðu einni að hann er ráðinn tímabundið nema það sé réttlæt看legt á grundvelli hlutlægra ástæðna.”

Stjórn samþykkir að fela Indriða og Svanbjörgu að leggja drög að bréfi sem formaður sendir fyrir hönd stjórnar Leiðsagnar til atvinnurekenda sem hafa verið með leiðsögumenn á launaskrá til að vekja athygli á því sem félagið telur vera rétt þeirra.

Afrit af bréfinu skal einnig sent til SA og ASÍ, ferðamálastofu, Vinnumálastofnunar og félagsmálaráðherra, auk orðsendingar á félagi Leiðsagnar, sem einnig verður birt á heimasíðu félagsins og facebook síðu.

Einnig hefur félagið sent inn erindi til Vinnumálastofnunar til að reyna að opna á samtal vegna ferðaráðinna leiðsögumanna sem virðast ætla að falla milli skips og bryggju, sem einskonaar jaðarhópur sem fullur bótaréttur í fordæmalausri heilbrigðisvá nær ekki yfir.

Önnur mál:

Ákveðinn losarabragur hefur verið á birtingu fundargerða undanfarna mánuði og sammæltist stjórn um að hafa svipaðan hátt á og önnur félög til að bæta þar úr. Fundarritari leggur fundargerð fyrir fundarmenn örfáum dögum eftir fund til samþykktar. Fundargerð er í framhaldi af því send til framkvæmdastjóra og starfsmanns skrifstofu til birtingar á heimasíðu félagsins.

Augljóst er að stjórn verður að funda þétt þessar vikur og var næsti fundur ákveðinn föstudaginn 3. apríl 2020, 10:00

fundi slitið kl. 12.00

Ritari fundar:

Sigríður Guðmundsdóttir